

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Stokkseyrarhreppi fyrir árið 1996.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til að halda hund í Stokkseyrarhreppi, sbr. staflíði b og f í 2. gr. samþykktar um hundahald í Stokkseyrarhreppi, nr. 544/1990, með síðari breytingum, skal vera kr. 5.000 fyrir árið 1996.

Innifalið í gjaldinu er hundahreinsunargjald og iðgjald ábyrgðartryggingar.

Gjaldið innheimtist með heimsendum gíróseðli. Gjald dagi og eindagi eru tilgreindir á gíróseðlinum.

2. gr.

Handsömunargjald, sbr. 3. og 4. gr. framangreindrar samþykktar skal vera kr. 2.500 í fyrsta skipti, kr. 5.000 í annað skipti og kr. 6.000 í þriðja skipti.

3. gr.

Um vexti á vangreiddum leyfisgjöldum gilda almennar reglur.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðis-
eftirlit til að gilda árið 1996.

Umhverfisráðuneytinu, 8. mars 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.